

Fylgiskjal með bréfi til bæjarráðs dags. 16.11.2020 með nánari upplýsingum um verkefnið Tungumálatöfra

Ítarefni um Tungumálatöfra

Sagan

Hugmyndin að Tungumálatöfrum vaknaði árið 2016 þegar Anna Hildur Hildibrandsdóttir var að leita að sumarnámskeiði fyrir barnabarn sitt til að örva íslenskukunnáttu og málvitund hans. Barns með íslenskar rætur sem býr í Bretlandi og kemur oft til Ísafjarðar í sumarfrí. Það er skemmst frá því að segja að slíkt námskeið var ekki til en fljótlega tóku hjólin að snúast því allir sem komu að málinu sáu að þetta var þörf og góð hugmynd. Edinborgarhúsið veitti námskeiðinu húsnaði og afnot af verkefastjóra og verkefnið þróaðist fljótt samtal við innflytjendur og flóttamenn í Ísafjarðarbæ og tóku bæjaryfirvöld virkan þátt. Ári síðar var fyrsta námskeiðið haldið, í því tóku 15 börn þátt. Tungumálatöfrar hafa vaxið og þróast síðan þá og á árinu 2020 voru haldin tvö námskeið Annað var hugsað fyrir unglunga, tengt útivist og listsköpun en hitt fyrir yngri börn frá 5 ára aldri. Námskeiðið var haldið og þrátt fyrir heimsfaraldur og afbókanir vegna hans og tóku 48 börn þátt. 38 börn tóku þátt í námskeiðinu í Edinborgarhúsinu og 10 í útivistarnámskeiði. 17 barnanna voru með alíslenskan bakgrunn en 31 áttu foreldra af erlendu bergi brotin. Fyrstu árin var félagið rekið sem hluti af Menningarmiðstöðinni Edinborg en í fyrra var félagið formlega stofnað og stjórn kjörin. Að stofnun þessa nýja félags koma Edinborgarhúsið ehf., Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Fiskvinnslan Íslandssaga hf., Fjölmennigarsetur, Ísafjarðardeild Rauða Krossins, Klofningur ehf., Lýðskólinn á Flateyri, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Prófessorsembættið á Hrafnseyri og Verkalýðsfélag Vestfirðinga. Aðild að félaginu er opin og hafa fleiri fyrirtæki og stofnanir sýnt því áhuga. Í stjórn félagsins sitja Anna Hildur Hildibrandsdóttir sem er formaður og upphafsmanneskja verkefnisins, Agnieszka M. Tyka frá Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, Guðmundur Hálfðánarsson frá Prófessorembættisinu Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri, Gunnhildur Gunnarsdóttir frá Lýðskólanum á Flateyri, Iwona Samson frá Ísafjarðardeild Rauða Krossins, Sigurður Arnórsson frá FOS-vest, Matthildur Helgadóttir Jónudóttir sem fóstaraði verkefnið þegar hún var starfsmaður Edinborgarhússins og er gjaldkeri þess.

Málþing Tungumálatöfra

Til hliðar við námskeiðshald hefur árlega verið haldinn opinn fundur eða málþing og hefur Eliza Reid sýnt Tungumálatöfrum mikinn áhuga. Hún hefur verið sérstök stuðningskona verkefnisins frá byrjun og hefur tekið þátt í málþingum félagsins eða stýrt þeim, enda þekkir hún á eigin skinni mikilvægi þess að innflytjendur fái aðgang að tungumálakennslu og blandist inn í samfélagið. Á málþingum fer fram samtal milli fólks í stjórnkerfi Ísland, innflytjenda, kennara og annarra um aðferðir og gildi þess að fólk með ólíkann bakgrunn geti tekið fullan þátt í samfélaginu. Tungumálatöfrar er verkefni þar sem enginn er útlendingur eða eins og einn viðmælandi okkar í myndbandinu hér að ofan orðaði það: “There are no strangers here.” Í heimi þar sem íslenskan á undir högg að sækja og Ísland þarf að venjast breytingum úr einsleitu yfir í fjölmenningsarsamfélag þá er mikilvægt að við finnum leiðir stuðla að blöndun og samstarfi ólíkra hópa. Það eflir börnin okkar sem eru af ólíkum bakgrunni og hjálpar þeim að finna styrkinn sem felst í að kunna mörg tungumál fremur en veikleikana í að tala ekki eða skrifa ekki “fullkomna” íslensku.

Töfraganga og matarupplifun

Töfragangan er skruðganga sem er haldin lokadaginn á námskeiðinu. Þar fagna börnin því sem þau hafa búið til og bæjarbúum öllum gefst kostur á að fagna fjölbreytileikanum með þeim. Dagskráin er mismunandi og tengist þema ársins. Börnin hafa sjósett báta sem þau byggðu, sent flöskuskeyti, dansað, sungið og sýnt töfrabrogð. Eftir skemmtidagskrána hefur verið boðið upp á einstaka matarupplifun; rétti frá Pakistan, Írak, Þýskalandi, Nígeríu, Taílandi, Bandaríkjunum, Króatíu, Póllandi og Íslandi.

Þróunin og framtíðin

Tungumálatöfrar er verkefni sem er ennþá í þróun en undanfarin fjögur ár hafa sýnt að það er þörf á námskeiði af þessu tagi. Fólk sem býr í útlöndum og á rætur á Vestfjörðum og kemur reglulega í sumarfrí það er sérstaklega þakklátt að hafa námskeið á Ísafirði fyrir það. Þannig aukast líkurnar á að börn og barnabörn viðkomandi fái málörvun og myndi tengsl við íslensk börn í umhverfi sem þau heimsækja reglulega. Um leið er þetta kjörinn vettvangur fyrir íslenska innflytjendur í útlöndum og nýbúa í Ísafjarðarbæ að deila reynslu sinni, mynda tengsl og um leið efla tengsl sín í samfélaginu. Samtímis hefur orðið til samtal um hvort að á Ísafirði geti orðið miðstöð þar sem útbúið verður námsefni og leiðbeiningar um hvernig námskeiðið fer fram þannig að hægt sé að halda það í öðrum landshlutum. Á árinu 2021

hyggjumst við hefja vinnu við útgáfu námsefnis byggt á þeirri þekkingu og aðferðafræði sem kennarar námskeiðanna hafa þróað

Efnahagsleg áhrif

Tungumálatöfrar og starfsemi félagsins vekja jákvæða athygli á Ísafirði og Vestfjörðum öllum og það má segja að námskeiðin séu menningartengd ferðaþjónusta því þau laða að fjölskyldur bæði með tengsl við svæðið og líka í auknu mæli fjölskyldur sem engin tengsl hafa við svæðið önnur en Tungumálatöfra. Almenn ánægja hefur verið hjá foreldrum þeirra barna sem sótt hafa námskeiðin og margir koma aftur ár eftir ár. Dæmi um blöndun hópsins frá árinu 2019. Þá komu 14 börn erlendis frá, 6 frá Reykjavík og annars staðar frá á Íslandi og 23 frá Ísafjarðabæ. 33 börn eiga foreldra af erlendu bergi en 9 voru með aliíslenskan bakgrunn, sem flest komu frá svæðinu. Af þeim sem búa erlendis kom 1 frá Bretlandi, 5 frá Bandaríkjunum, 1 frá Króatíu, 2 frá Danmörku, 2 frá Noregi, 3 frá Þýskalandi. 8 þessara barna eiga fjölskyldur sem eiga engar tengingar við Ísafjörð aðrar en Tungumálatöfra. Efnahagsleg áhrif eru greinileg af þeim fjölskyldum sem koma að utan. Þar leigðu viðkomandi húsnæði í yfir viku til að vera á námskeiðinu, borðuðu oft á veitingastöðum, fóru í skoðunarferðir og leigðu bílaleigubíla. Þessi áhrif eiga eftir að vaxa eftir því sem umsvif Tungumálatöfra aukast. Eitt af markmiðum félagsins er að framleiða kennsluefni og gefa út tónlist sem börnin geta nýtt á milli námskeiða til að halda við íslenskunni og efla tengslin. Það mun skapa kennurunum, tónlistarfólkinu og öðrum skapandi einstaklingum sem búa á svæðinu aukin tækifæri í atvinnusköpun.

Fyrir hönd Tungumálatöfra,

Anna Hildur Hildibrandsdóttir stjórnarformaður

Matthildur Helgadóttir Jónudóttir gjaldkeri

www.facebook.com/tungumalatofrar

Netfang: tungumalatofrar@gmail.com

